

Kynferðisafbrot gegn börn í leikskólum 24. feb. 2016

Í Danmörku er svo komið, að í helmingi leikskóla þar í landi gilda sérstakar reglur um karlmenn, sem þar vinna. T.d. mega þeir ekki vera aleinir með börnunum og ekki skipta um bleyjur þeirra. Bæði í heilbrigðis- og skólakerfi forðast sumir karlmenn samband við konur/stúlkur undir fjögur augu. Mannorð þeirra er í hættu. En nú gæti virst, sem vopnin séu að snúast í höndum kvenfrelsaranna. Nornaveiðarnar ná nú í einhverjum mæli til kvenna einnig, ef marka má danskar skýrslur. Um þriðjungur þeirra starfsmanna í umgetnum stofnunum, sem ásakaðir eru um ósiðlegt, kynferðislegt athæfi gegn börnum, eru konur. Svo þrátt fyrir allt miðar í jafnréttisátt - eða hvað? <http://www.bt.dk/danmark/paedagoger-mande-regler-kan-vaere-ulovlige>